

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Hörðuvellir. Baugakór 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 24. janúar 2023 breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla fyrir lóðina nr. 10 við Baugakór. Í breytingunni felst að byggja sólskála við íbúð 0101 og stækkar byggingarreitur við það um 2,2 m til suðurs og 7,7 m til austurs alls um 17 m². Stækkun er að öllu leyti innan sérafnotareits og undir núverandi svölum. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,51 í 0,53.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. júlí 2023.

Smári Smáráson aðstoðarskipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. júlí 2023